

Ed.

509. Nefndarálit

[126. mál]

um frv. til laga um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp, sem upphaflega var samið af millþinga-nefnd, en síðan lagt fyrir neðri deild Alþingis í nokkuð breyttu formi. Frumvarp þetta hefur hlotið rækilega meðferð í landbúnaðarnefnd neðri deildar, og fylgir því allýtarleg greinargerð frá hennar hálfu. Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið, og eru allir nefndarmenn sammála um að greiða fyrir framgangi þess á þessu þingi, svo sem verða má. Þó telja allir nefndarmenn óhjákvæmilegt að gera á því tvær breytingar. Nefndarmenn hefðu kosið að gera á frumvarpinu nokkrar efnisbreytingar umfram þær, sem fram komu við umræður í neðri deild, en hafa fallið frá því, þar sem svo áliðið er orðið þings, en allir sammála um að stuðla að því, að frumvarpið verði að lögum á þessu þingi, svo sem áður greinir.

Tveir nefndarmanna, Friðjón Þórðarson og Sigurður Ó. Ólafsson, áskilja sér þó rétt til að flytja tvær breytingartillögur til samræmis við tillögur millþinganefndarinnar, sem frumvarpið samdi upphaflega, en breytt var, áður en það var lagt fyrir þingið.

Þrátt fyrir þetta hafa nefndarmenn orðið sammála um að gefa út sameiginlegt nefndarálit og mæla með samþykkt frumvarpsins með eftirtöldum

BREYTINGUM:

1. Við 18. gr. Á eftir orðunum „nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð“ komi: sbr. þó 11. gr.
2. Við 65. gr. Síðasta málsg. orðist svo:
Þrátt fyrir ákvæði 45. gr. laga nr. 116 30. des. 1943 má lána út á jarðir í opinberri eigu á sama hátt og aðrar jarðir, séu þær í erfðaábúð, en ella komi veðleyfi landbúnaðarráðherra til hverju sinni.

Alþingi, 9. maí 1957.

Páll Zóphóniasson, Sigurvin Einarsson, F. R. Valdimarsson.
form., frsm. fundaskr.

Sigurður Ó. Ólafsson. Friðjón Þórðarson.